

***Ótollafgreidd vara sem afhent var án undangenginnar tollafgreiðslu.**

***Frávísun**

Úrskurður nr. 8/2000.

Í máli þessu er kærð sú ákvörðun tollstjóra að áætla aðflutningsgjöld vegna ótollafgreiddrar vöru sem afhent var innflytjanda án undangenginnar tollafgreiðslu. Ríkistollstjóri gerir þá kröfu að kröfu kæranda verði vísað frá ríkistollanefnd vegna aðildarskorts. Ríkistollanefnd féllst á kröfu ríkistollstjóra

Lög nr. 55/1987 2gr., 3.gr., 67.gr.,100-101gr. og 105.gr. Lög nr. 37/1993 27.gr. Reglugerð 61/1989 12.gr. Reglur 272/1988.

Með bréfi, dags. 12. júlí 2000, sem barst nefndinni 23. s.m., kærir L f.h. F þá ákvörðun tollstjóra að ákvarða aðflutningsgjöld vegna ótollafgreiddrar vöru á sendingarnúmeri F 451 0307 8 GB LHR V474. Vara þessi kom til landsins þann 3. júlí 1998. Farmflytjandi og vörsluhafi vöru var Flugleiðir Frakt ehf. Varan, sem mun hafa verið persónulegir munir, var afhent skráðum móttakanda skv. farmskrá þann 6. júlí s. á. án samþykkis tollyfirvalda og hafði ekki verið gengið frá tollafgreiðslu sendingarinnar. Tollstjóri ákvarðar í úrskurði sínum að aðflutningsgjöld af sendingu þessari skuli vera kr. 149.561,00 auk dráttarvaxta frá komudegi fars.

Í aðalkröfu sinni fer umboðsmaður kæranda fram á að hinn kærði úrskurður tollstjóra verði felldur úr gildi þar sem sú háttsemi að gera ekki aðflutningsskýrslu um umrædda vöru hafi í eðli sínu einungis verið formbrot. Innflytjandinn, eigandi búslóðarinnar, hafi ekki verið að koma sér undan því að greiða lögmæt gjöld af vörunni, þar sem um tollfrjálsa vöru hafi verið að ræða, s.s. bækur og fatnað námsmanns sem var að flytja heim. Kærandi leggur áherslu á, að viðurlög við slíku formbroti geti ekki verið þau, að flokka varninginn sem tollskyldan og leggja á hann aðflutningsgjöld. Ekki sé fyrir hendi heimild í tollalögum til slíkrar málsmeðferðar, heldur segi í 2. mgr. 105. gr. tollalaga, að miða skuli við aðflutningsgjöld sem í gildi voru á komudegi flutningsfars. Þegar eigandi sendingarinnar greiddi flutningsgjöld til TVG, var farmbréfið stimplað með áletruninni "afhending heimil", án þess að búið væri að gera tollskýrslu um sendinguna. Eigandinn framvísaði farmbréfinu í vöruafgreiðslu Flugleiða hf., þar sem starfsmaður kynnti sér einungis tollastöðu á aðalfarmbréfinu (108/91077324), sem var tollafgreitt, og afhenti því eigandanum sendinguna.

Samkvæmt 7. tl. 5. gr. tollalaga nr. 55/1987 njóta persónulegir munir á borð við þá, sem áætlunin lýtur að tollfrelsis. Í úrskurði tollstjóra komi fram um þetta atriði sú afstaða að vara sem flutt sé til landsins sé tollskyld þar til samþykki tollstjóra fáiast fyrir tollfrelsi vörunnar og virðist tollstjóri byggja niðurstöðu sína um að aðflutningsgjöld skuli greiða af vörunni á þessari afstöðu. Kærandi telur þessa túlkun tollstjóra ranga enda sé ákveðið með lögum að vara sem hér um ræðir sé tollfrjál.

Verði ekki fallist á aðalkröfu kæranda um ógildingu áætlunarinnar, er þess til vara krafist að dráttarvextir verði felldir niður vegna seinangangs tollstjóra á að taka ákvörðun um áætlun gjaldanna og að tilkynna kæranda um fyrirhugaða ákvörðun.

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra segir m.a. að í 2. gr. tollalaga nr.55/1987, með síðari breytingum, komi fram sú meginregla að hver sá sem flytur vöru til landsins til endursölu, afhendingar án endurgjalds eða eigin nota eða ábyrgur verður um greiðslu tolla samkvæmt ákvæðum þessara laga sé tollskyldur, sbr. þó 3. gr., og skal greiða toll af hinni innfluttu vöru, nema annað sé tekið fram í tollskrá. Er í þessari grein fjallað um almenna tollskyldu. Í III. kafla tollalaganna sé síðan fjallað um tollskyldar vörur, undanþágur o.fl. Þar komi fram í 7. tl. 5. gr. að auk þeirra vara sem tollfrjálsar séu samkvæmt beinum fyrirmælum í tollskrá þá skulu einnig heimilismunir manna sem flytja búferlum hingað til lands, vera tollfrjálsir, enda hafi viðkomandi haft fasta búsetu erlendis í a.m.k. eitt ár áður en hann flutti til landsins. Undanþágu samkvæmt þessum tölulíð megi að öðru leyti takmarka við notkun, vöruflokka eða hámarksverð og skal þá tekið tillit til dvalartíma erlendis, fjölskyldustærðar og annarra aðstæðna. Með stoð í framangreindri reglu hafa verið settar reglur nr. 272/1988 um tollmeðferð á heimilismunum manna sem flytja búferlum hingað til lands, með síðari breytingum. Eru sett ákveðin skilyrði til tollfrelsis í nefndum reglum. Verður að tollafgreiða vöru áður en hún er afhent innflytjanda úr vörugeymslu, hvort sem aðili á rétt á niðurfellingu gjalda vegna tollfrelsis vöru eður ei. Þannig er varan sem flutt er til landsins tollskyld þar til samþykki tollstjóra fæst fyrir tollfrelsi vörunnar. Tollgæslan verður að geta staðfest að vara njóti tollfrelsis áður en hún er afhent í samræmi við 7. tl. 5.gr. tollalaga og reglur nr. 272/1988. Það að varan hafi verið afhent heimildarlaust úr vörugeymslu leiðir til þess að tollyfirvöld geta ekki staðfest hvað var í viðkomandi sendingu. Með hliðsjón af framanrituðu úrskurðar tollstjóri að F ehf. beri að greiða áfallin aðflutningsgjöld kr. 149.561,00, auk dráttarvaxta frá komudegi til greiðsludags, sbr. 2. mgr. 105. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum. Um ábyrgð kæranda á greiðslu aðflutningsgjaldanna vísast til 67. gr. tollalaga og 12. gr. reglugerðar nr. 61/1989 um greiðslustað, gjalddaga og fullnustu aðflutningsgjalda vegna tollmeðferðar á innfluttum vörum, með síðari breytingum.

Ríkistollanefnd sendi kærana til umsagnar ríkistollstjóra með bréfi þann 9. ágúst s.l. Í svari sem barst nefndinni þann blaðsíða 1/2

24. ágúst s.l. krefst ríkistollstjóri þess aðallega að kröfu kæranda verði vísað frá ríkistollanefnd vegna aðildarskorts kæranda. Fjalli ríkistollanefnd efnislega um málið krefst ríkistollstjóri þess til vara að úrskurður tollstjóra verði staðfestur. Aðalkröfu sína byggir ríkistollstjóri á því að kæruheimild skv. 100. gr. tollalaga sé bundin við innflytjanda vöru. Óumdeilt sé að S sé innflytjandi vörunnar en ekki kærandi. Kærandi kemur ekki fram í umboði innflytjanda. Hann er því ekki aðili máls í skilningi 100. gr. tollalaga. Jafnframt lýsir ríkistollstjóri því yfir að hann telji að tollstjóri hafi ranglega vísað til kæruheimilda í bréfi sínu. Varakröfu sína styður ríkistollstjóri aðallega með vísan til 67. gr. tollalaga um ábyrgð farmflytjanda á að vara sé ekki afhent án heimildar tollyfirvalda. Þá telur ríkistollstjóri að tollstjóri hefði átt að styðja kröfu sína við 98. gr. tollalaga í stað 97. gr.

Kröfugerð ríkistollstjóra var send kæranda til umsagnar þann 24. ágúst s.l. Í svari sem barst nefndinni þann 4. september s.l. leggur kærandi aðallega áherslu á að það hafi verið tollstjóri sem beindi málinu í þann farveg sem það er nú í. Í 100. og 101. gr. tollalaga nr. 55/1987 sé kveðið á um kæru- og málskotsleiðir vegna ákvarðana og úrskurða tollstjóra um gjaldskyldu, fjárhæð aðflutningsgjalda o.fl. Kæranda var leiðbeint um kæru- og málskotsleiðir í bréfum tollstjóra, dags. 14. febrúar 2000, 6. mars 2000 og úrskurði frá 18. maí 2000. Kærandi hafi fylgt þessum leiðbeiningum tollstjóra, enda mátti hann treysta því að leiðbeiningarnar væru réttar. Telji ríkistollanefnd að leiðbeiningar tollstjóra hafi verið rangar og að málið heyri ekki undir úrskurðarvald ríkistollanefndar, heldur fjármálaráðherra, beinir kærandi því til nefndarinnar að hún taki fram í niðurstöðu sinni að vegna rangra leiðbeininga tollstjóra verði að telja að ákvæði 27. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 um kærufrest gildi ekki um kæru til fjármálaráðherra á ákvörðun tollstjóra, en sá frestur sem kveðið er á um í nefndri grein stjórnslulaga er liðinn.

Að öðru leyti en að ofan greinir vísar kærandi til kæru hans til nefndarinnar, dags. 12. júlí 2000, sem og kæru hans til tollstjóra, dags. 6. apríl 2000.

Ríkistollanefnd hefur fjallað um málið og farið yfir þau gögn sem lögð hafa verið fram. Upphaf málsins má rekja til þess, að þann 3. júlí 1998 kom til landsins sending númer F 451 03 07 8 GB LHR V474. Skráður móttakandi skv. farmskrá var S, farmflytjandi og vörsluhafi vöru var Flugleiðir Frakt ehf. Þann 6. júlí sama ár var varan afhent skráðum móttakanda vöru. Var afhending heimiluð án samþykkis tollyfirvalda og hafði ekki verið gengið frá tollafgreiðslu sendingarinnar

Áður en ríkistollanefnd tekur efnislega afstöðu í málinu, ber að fjalla um aðalkröfu ríkistollstjóra um frávísun málsins á grundvelli aðildarskorts kæranda. Að mati nefndarinnar getur farmflytjandi vörunnar, kærandi í máli þessu, ekki verið aðili máls fyrir ríkistollanefnd. Leiðir það af fortakslausu ákvæði 100. gr. tollalaga. Tollstjóra bar því í úrskurði sínum að benda kæranda á að hann gæti leitað til fjármálaráðuneytisins sem æðsta aðila á stjórnslustigi í málinu. Samkvæmt tollalögum er fjármálaráðuneytið ekki bundið af neinum frestum til að fjalla efnislega um niðurstöðu tollstjóra. Nefndin tekur undir það með kæranda að þar sem tollstjóri vísaði kæranda ranglega á ríkistollanefnd sem úrskurðaraðila í málinu, er ekki eðlilegt að kærandi sé bundinn af frestum stjórnslulaga gagnvart fjármálaráðuneytinu.

Samkvæmt framanrituðu og að öðru leyti með vísan til rökstuðnings ríkistollstjóra er máli þessu vísað frá ríkistollanefnd. Að lokum skal tekið fram að ríkistollanefnd tekur ekki afstöðu til kröfu kæranda um að úrskurður tollstjóra falli niður, við frávísun málsins, enda um efniskröfu að ræða. Ríkistollanefnd kveður upp svofelldan úrskurð:

Með vísan til 101. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, er máli þessu vísað frá ríkistollanefnd.